



Nefndasvið Alþingis  
b.t. samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2011

EBG/--

**Efni. Umsögn um frumvarp til umferðarlaga 139. löggjafarþingi, þskj. 814 – 495. mál**

Tilv. 2011020029

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. febrúar 2011.

I.

Í frumvarpinu er lagt til að bílprófsaldur verði hækkaður um eitt ár eða í 18 ár. Bændasamtökin benda á að þessi breyting mun óhjákvæmilega hafa talsverð áhrif á þá íbúa í dreifbýli sem stunda nám í framhaldsskólum og vinnu í þéttbýli. Íbúar í dreifbýli þurfa að komast bæði til skóla og vinnu en þessi fyrirhugaða breyting myndi hafa áhrif á þennan hóp. Bændasamtökin leggjast því gegn framangreindri breytingu á lágmarksaldri til þess að mega stjórna bifreið. Möguleikar þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri til þess að komast ferða sinna myndu einkum felast í notkun á almenningssamgöngum. Þær eru langt frá því að vera fullnægjandi en almenningssamgöngur í dreifbýli hafa átt í vök að verjast á undanförunum árum og hafa versnað til muna.

Ef þessi fyrirhugaða breyting verður hins vegar að veruleika telja Bændasamtökin óumflýjanlegt og þau leggja mikla áherslu á að almenningssamgöngur verði samhliða tekna til gagnerrar endurskoðunar en það er skýlaus krafa Bændasamtakanna að úr þeim verði þá bætt. Þá þurfa að koma til aukin framlög vegna aukinna útgjalda vegna skólaaksturs framhaldsskólanema hjá heimilum og sveitarfélögum.


II.

Í frumvarpinu lagt til að lágmarksaldur til að mega stjórna dráttarvél verði hækkaður úr 15 árum í 16. Í núgildandi umferðarlögum nr. 50/1987 er kveðið á um að enginn megi stjórna dráttarvél nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess að til að mega stjórna bifreið. Þá megi ekki veita þeim ökuskírteini til að mega stjórna dráttarvél, sem er yngri en 16 ára. Hins vegar er einnig kveðið á um að eigi þurfi ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaðurinn fullra 15 ára. Tillaga um hækkun þessara aldursmarka er eingöngu til komin vegna hækkunar lágmarksaldurs til þess að mega að stjórna bifreið, sbr. athugasemdir um 56. gr. frumvarpsins.

Ekki verður séð að önnur rök hnígi til þess að þessi breyting verði gerð. Bændasamtökin leggjast gegn því að aldursmörk til þess að mega að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf verði hækkuð, en vilja samt sem áður gera það sem mögulegt er að gera til þess að stuðla að auknu öryggi þeirra sem nota dráttarvélar við landbúnaðarstörf.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Elías Blöndal Guðjónsson', written over a horizontal line.

Elías Blöndal Guðjónsson